

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

35. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILÍÐ 2014-2018

Árið 2016, mánudaginn 19. des. kl. 19:00 var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Anna Lind Ragnarsdóttir, Guðbjörg Bergmundsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Valgeir Scott, og Pétur G. Markan, sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 19:00.

Engin athugasemd gerð við boðun fundarins.

Oddviti bauð viðstadda velkomna.

Sveitarstjóri bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

### Dagskrá:

1. Fundargerð 13. fundar fræðslunefndar frá 1. des.
2. Fundargerð 14. fundar skipulags og byggingarnefndar frá 30 nóv.
3. Fundargerð 2. fundar atvinnumálanefndar frá 5. des.
4. Fundargerð 6. félagsmálanefndar frá 13. des.
5. Styrktarbeiðni frá Raggagarði, dagsett 15 nóv. 2016
6. Álagningar og gjaldskrá Súðavíkurhrepps fyrir árið 2017 – seinni umræða.
7. Fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps og stofnanna fyrir árið 2017 – seinni umræða.
8. Þriggja ára fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps og stofnanna.
9. 6800 tonna framleiðsla á laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi – beiðni um umsögn
10. Ósk um framlengingu á aukaframlagi til Markaðsstofu Vestfjarða.
11. Samþykktir Súðavíkurhrepps um dýrahald í íbúðum sveitarfélagsins.
12. Fundargerð nr. 844 Samband ísl. Sveitarfélaga.
13. Fundargerð nr. 389 og nr.390 Hafnarsamband Íslands.

**14. Fundargerð nr. 30 Sjávarútvegssveitarfélög.**

**15. Fundargerð nr. 110 Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis.**

- 
1. Fundargerð fræðslunefndar lögð fram og allir liðir staðfestir.

Sveitarstjórn harmar þá stöðu sem komin er upp með skólaakstur í dreyfbýli. Sveitarstjórn óskar eftir að sveitarstjóri taki saman kostnað sveitarfélagsins við skólagöngu í dreyfbýli og leggi fyrir sveitarstjórn á næsta fundi. Þá óskar sveitarstjórn að könnuð verði lagaleg staða sveitarfélagsins gagnvart skólagöngu í dreyfbýli.

2. Fundargerðin lögð fram og allir liðir staðfestir.

3. Hér vîkur Anna Lind af fundi vegna vanhæfist. Fundargerðin lögð fram. Sveitarstjórn samþykkir framlagðar sérreglur atvinnumálanefndar.

Sérreglur atvinnumálanefndar eru samhljóða frá því í fyrra nema í einu veigamiklu atriði. Lagt er til að 30% prósent af byggðakvóta sveitarfélagsins fari til Aurora Seafood, sem hyggst opna vinnslu í Súðavík á nýju ári. Með þessu fyrirtæki myndu ný störf myndast í Súðavík, sem og umtalsverð aukning á sköpum verðmæta á svæðinu.

Ef að þessi ráðahagur gengur upp eru tvær vinnslur farnar að notast við byggðakvóta Súðavíkur, með um tíu heilsársstörf innanborð. Það er umtalsverður árangur á kjörtímabilinu.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að semja greinargerð með sérreglum sveitarfélagsins þar sem upplegg og vilji sveitarstjórnar er rökstuddur.

Taka skal fram að með þessum nýja potti, sem er eyrnamerkur Auroa Seafood fellur niður 5% prósent pottur fyrir nýliða.

Samþykkt samhljóða.

Undir þessum lið eru tvö bréf sem atvinnumálanefnd vísaði aftur til sveitarstjórnar.

Annars er það bréf frá Braga Ragnarssyni, dagsett 15. nóvember, þar sem sótt er um byggðakvóta.

Hins vegar er það bréf frá Jóni Norðkvist, dagsett 22. nóvember.

4. Hér kemur Anna Lind aftur inn til fundar. Fundargerð félagsmálanefndar lögð fram og allir liðir fundargerðarinnar staðfestir.

Sveitarstjórn samþykkir að leggja rekstrarstyrk til Vinnuversins, samstarfsverkefni Starfsendurhæfingar og Vesturafls á árinu 2017. Gert er ráð fyrir styrknum í fjárhagsáætlun 2017.

Ekki verður greitt fyrir árið 2016.

Þá samþykkir sveitarstjórn að leggja til stofnframlag, 500 þús til fasteignafélags í kringum Vinnuverið. Sveitarstjóra falið að útfæra framlagið í samráði við sveitastjórn og styrkbeiðendur.

Framlagið fer í fjárfestingar sveitarstjórnar á árinu 2017.

5. Lagt er fram bréf frá Raggagarði þar sem óskað er eftir styrki vegna verkefna á árinu 2017.

Sveitarstjórn samþykkir að veita 250 þús. krónum til Raggagarðs. Gert er ráð fyrir styrknum í fjárhagsáætlun 2017.

6. Álagningarskrá sveitarfélagsins lögð fram. Gert er ráð fyrir óbreyttu útsvari 14, 48%.

Fasteignagjöld hækka sem eftirfarandi nemur:

Flokkur **A**: 0,45% var 0, 32%.

Flokkur **B**: 0, 1,35% var 1,35% - óbreytt þar sem óheimilt er að hækka álögur á opinberar byggingar.

Flokkur **C**: 0, 1,65% var 1, 57%.

Lóðarleiga sem eftirfarandi nemur:

Flokkur **A**: 2,00% var 1, 50%

Flokkur **B**: 2, 00% var 1, 60%

Flokkur **C**: 2,00% var 1,60%

Vatnsskattur hækkar sem eftirfarandi nemur:

0,35% var 0,30%

Álagningarskráin borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

Gjaldskrá sveitarfélagsins lögð fram. Gert er ráð fyrir verðlagshækkun upp á 3,5%. Miðað við þjóðhagsspá.

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

Bókað af sveitarstjóra:

Áhyggjuefni er hversu útsvarstekjur dragas skart saman á milli ára. Skerðingin verður ekki útskýrð með fækkun skattbærra manna eingöngu.

Líklegasta skýringin er að tilfellum fjölgar í sveitarfélaginu þar sem íbúar notast við einkaneysluhlutafélög til þess að fjármagna heimilis og einkaneyslu.

Þessi þróun er afar uggvænleg og í raun aðför að samfélaginu sem byggir samrekstur sinn á skattheimtu.

Sem dæmi má taka Grunnskólann í Súðavík, stofnun sem við erum ekki bara stolt af, heldur afar meðvituð um mikilvægi hennar fyrir framtíð sveitarfélagsins. Heildarkostnaður við skólann í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins er í kringum 60 milljónir. Framlag jöfnunarsjóð er 23 milljónir til reksturs skólans. Beint framlag sveitarfélagsins til skólans er því í kringum 37 milljónir, skattfé að nánast öllu leiti.

7. Gert er ráð fyrir því að heildartekjur, A. og B. hluta verði um 292,164 millj.kr.

Heildarútgjöld verði um 248,394 millj.kr.

Rekstarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir 43, 770 millj.

Afskriftir eru 13,1 millj og fjármagnsgjöld eru 3,530 millj.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta er því áætluð jákvæð um 27,140 millj.kr. að teknu tilliti til afskrifta.

Hækkun á handbæru fé verður 16,1 milljónir og verður í árslok 2017 83,8 milljónir.

Skuldahlutfall sveitarfélagsins samkvæmt ársreikningi er 25% í A hluta samstæðunar en 30% í samstæðunni allri, A og B hluta.

Áætlað er að framkvæma fyrir kr. 10 millj.kr. á árinu. Verða framkvæmdir fjármagnaðar af eigin fé sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða.

Bókað af sveitarstjóra:

Rekstur sveitarfélagsins hefur batnað á kjörtímabilinu eins og vöxtur á handbæru fé gefur til kynna.

Áhyggjuefni er hversu útsvarstekjur dragas skart saman á milli ára. Skerðingin verður ekki útskýrð með fækkun skattbærra manna eingöngu.

Líklegasta skýringin er að tilfellum fjölgar í sveitarfélaginu þar sem íbúar notast við einkaneysluhlutafélög til þess að fjármagna heimilis og einkaneyslu.

Þessi þróun er afar uggvænleg og í raun aðför að samfélaginu sem byggir samrekstur sinn á skattheimtu.

Sem dæmi má taka Grunnskólann í Súðavík, stofnun sem við erum ekki bara stolt af, heldur afar meðvituð um mikilvægi hennar fyrir framtíð sveitarfélagsins. Heildarkostnaður við skólann í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins er í kringum 60 milljónir. Framlag jöfnunarsjóð er 23 milljónir til reksturs skólans. Beint framlag sveitarfélagsins til skólans er því í kringum 37 milljónir, skattfé að nánast öllu leiti.

Ef ekki væri fyrir ábyrga fjármálastjórn þá væri þessi staða

8. Þriggja ára fjárhagsáætlun sveitarfélagsins lögð fram. Samþykkt samhljóða.
9. Umsögn vegna 6.800 tonna eldisframleiðslu. Sveitarstjóra falið að setja saman umsögn og leggja fyrir sveitarstjórn á fyrsta fundi sveitarstjórnar í janúar.
10. Afgreiðslu frestað.
11. Sveitarstjóri leggur fram eftirfarandi tillögu að breytingum á samþykktum sveitarfélagsins. Leyfilegt er að halda dýr í íbúðum sveitarfélagsins ef eftirfarandi atriði eru uppfyllt.
  - Dýrið sé skráð eftir reglum sveitarfélagsins.
  - Lögð er fram trygging fyrir mögulegum skemmdum.
  - Nágrani í sama húsi sé ekki með ofnæmi fyrir dýrinu. Læknisvottorð nauðsynlegt gagn.
12. Lagt fram.
13. Lagt fram.
14. Lagt fram.
15. Lagt fram.

**Fleira ekki gert.**

**Fundi slitið kl. 16:00**

**Anna Lind Ragnarsdóttir  
oddviti**

**Valgeir Scott**

**Guðbjörg Bergmundsdóttir**

**Halldóra Pétursdóttir**

**Pétur G. Markan, sveitarstjóri**

